

Nokkur orð um Hreiðars þátt heimska

Þar sem nú er þegar orðinn rúmur mánuður, síðan ég ritaði mína síðustu ritsmíð, þá finnst mér eigi með öllu ósæmilegt að ég skýri nokkuð fyrir hinum göfuga kennara, hvernig á vanrækslu þessari, sem hann eflaust hefir stendur. Sérstaklega þykir mér ástæða til þess, að drepa ögn á þetta atriði, þar sem mér er eigi grunlaust um, að ég sé einn af þeim, er kennarinn sagði, að fengju lægra í stíl, en þeir ella myndu fá, sakir „afskaplegs hirðuleysis“. Máli mínu er, semsé, svo háttáð, að ég þóttist verða þess var, að kennarinn hefði í einkunnum þeim, er hann þóknaðist að „útskýra“ [hér vil ég sannarlega eigi nota orðið að „gefa“, því að þar sem engum „gefið neitt“ nema þá ef til vill, mér í íslensku mun lægri, sú sem síðar kom á daginn]. Rétt fyrir jólin, tekið sérstaklega hart á þeim mönnum, er skiluðu stíl skömmu fyrir „útbýtinguna“. En þar að ég er maður mjög svo „karaktersjúkur“ þá vildi ég eigi eiga þá hættu að lækka í stíl fyrir þessar sakir, og þorði ég því alls-eigi að skila stíl síðasta hálfu mánuðinn fyrir þessa síðustu „útbýtingu“. En kennarans vegir eru órannsakanlegir, það sem illt var í gær, það er gott í dag, og þegar ég einmitt þóttist vera að tryggja sjálfan mig og öryggja, þá er ég einmitt að grafa jarðveginn undan fótum mér og ég steypist ofan í hylidypi kennarans. En ýmsum öðrum mönnum er treglega hafði gengið með stílagarðirnar, sýndi hann þann sérstaka sóma, að senda eftir ritgjörðunum til þeirra. Það er sannarlega rétt, sem hinn æruverðugi kennari stundum segir, að misjöfn séu mannanna kjör. Annars vil ég auðvitað með fullri hinni skörpu dómgreind kennarans, leiða athygli hans að því, að t.d. í síðustu ritgerð minni, sem nær yfir þétt skrifaðar síður í bók þessari, eru einungis eiginlegar villur og báðar þær ómerkilegar, því að kennarann tel ég naumast með þar sem kennarinn hefur oft lýst yfir því, að kommusetning væri mikið álitamál. En þessar 2 villur komu báðar fyrir á síðustu síðu hinnar „löngu og skynsamlegu ritgerðar“ eins og kennarinn sagði, að hún væri frá mínu sjónarmiði. Virðist því ósennilegt að villur þessar hafa slæðst inn af þreytu og ofreynslu við þetta mikla verk. Er og önnur villan „stiður“ í stað „styður“ þess auðsæ, að naumast hefði þurft færðan málfræðing til þess, að sjá hana, eða með öðrum orðum hrein ritvilla. Um hina ritgerð mína á þessu tímabili, má, að ýmsu leiti, segja margt hið sama. Þá skal viðurkennt, að í henni voru nokkuð fleiri ritvillur. En sú ritsmíð hlaut og, sem hin, sérstakt lof hjá hinum virðulega kennara. Enn vil ég minna hinn lofsverða kennara á það að í ritgerðum mínum í fyrra, mun hafa verið álíka mikið af ritvillum, sem í ritgerðum mínum í vetur. Fékk ég þó 5 fyrir þær ritsmíðar. Nú kann kennarinn, ef til vill að segja að þá hafi ritsmíðar mínar verið miklu betur og viturlega ritaðar en þær hafi í vetur verið. Skal ég eigi og algjörlega mæla á móti því að svo kunni að vera, en vil því þó þar til svara, að engin von er til þess að menn riti ætíð jafn vel um sömu efnin. Þótt menn, e.t.v. endist til þess að rita 2 til 3 ritsmíðar um hið sama efni, þá er þó von, að mjöðurinn færi að þynnast, þegar enn þarf að nota hann í hið 4. eða 5. sinn. Hér er ég þá kominn að einu atriðinu enn sem stílagarð minni viðkemur, og það er það að ég

var svo djárfur að benda kennaranum á það í einni ritgerð í haust, að við hefðum margoíft haft það efni áður til umsagnar, og nennti ég því eigi að fara að skrifa um það sama í sjötta bekk, sem ég hafði fyrst verið látinn rita um í fyrsta bekk og æ síðan. Af þessu varð kennarinn mér svo reiður, að hann lét sér eigi nægja að ásaka mig sérstaklega fyrir glæp minn, einu sinni, heldur tilkynnti hann það og þá skömm fyrir „einkunna-útbýtingu“, að ég sakir lélegrar stílagerðar, og þá einkum sakir þessa stíls, hlyti að fá mjög svo lágt, móts við verðleika mína, að öðru leyti. Ætlaði ég því alveg að synda fyrir þetta sker á næsta tímabili, því að öll mín verk miða ég við einkunnir, og ætlaði nú alveg að synda fyrir þetta sker og gæta þess vandlega, að móðga eigi kennarann mjög í ritsmíðum mínum, sem og þess að forðast að skila til nærri „útbýtingunni“, svo sem ég hefi áður á drepið. En ég er útskúfaður, því að, hvernig sem ég hegða mér, hversu vel, sem ég þóttist gæta þess að hylja hjá mér þessa tvo svívirðilegu galla, er nánast mega lestir nefnast, að narta í kennarann og löngun í sæmilega einkunn, þá dugði ekkert. Kennarinn sá í gegnum sauðagæruna, hann sá hvað undir bjó og ákvað að reka úlfinn úr mínu hjarta. En hvernig tekst það?

Hefi ég nú nokkuð létt á hjarta mínu og sagt kennaranum skorinort, hvílíkan haturshug ég ber til hans, og skal ég því nú nokkuð snúa mér að því furðulega efni er honum síðast þóknaðist að veita oss, en það var Hreiðars þáttur heimska.

Áður en ég held lengra, vil ég þó ögn svala minni óseðjandi útásetningarsemi í kennarans garð, og ræða nokkuð um þetta nýja stílsefnaval, er slegið hefur, skelfingu á allan skólann. Mun það síst ofmælt að sagt sá, að hvar sem tveir menn komi nú saman og verði tilrætt um lærdómsefni, þá sé þessi nýja stefna kennarans annað höfuðatriðið. Hitt er vitanlega sú ógurlega deila og takmarkalaus sundrung og óvinátta, er virðist vera uppkomin milli „háýfirkennarans“, yfirkennarans (eða er þu það ekki) og „hálf“ yfirkennarans. Þykja mönnum nú undrin gerast allmörg, þar sem þessir virðulegu kennarar eru komnir í hár saman eða nokkurskonar íslenskt nautaat, ef ég mætti vera ósvífinn í orðum, og það, sem jafnvel er enn furðulegra, að Smári skuli hættur við málshættina og sjálfvöldu efnin. Er dómsdagur í nánd? Eða er óskiljanlegur sjúkdómur hjá kennurum í vændum? En það er svo, sem hinum elskulega kennara vonandi er kunnugt, einhver sú mesta gleði, er fyrir nemendur kemur.

Áður sagði ég, að þetta nýja stílsefnaval vekti almenna skelfingu, enda hlaut svo að fara með þetta, þau sem kennarinn, í þessum efnunum, mun hafa farið eftir ráðum einhvers hins versta manns og illgjarnasta, sem í skóla finnst, sem sé sessunautur míns Hákonar Bjarnasonar. Í þessu sambandi get ég eigi stillt mig stillt mig um að drepa á, hversu skamt er öfganna á milli og, hversu ég daglega hlýt að verða var við mismun á góðu og illu, þar sem öðru megin situr Hákon Bjarnason, sem svo er skapi farinn, eða jafnvel verr, sem ég lýsti honum áðan, en hinn megin situr hitt best maður og góðgjarnasti, sem og hinn besti lærisveinn, er í þessum skóla er, sem sé almennt Eyþór Gunnarsson.

Enda þótt þetta komi eigi beinlínis málinu við, þá gat ég eigi stillt mig um það að skjóta þessari athugasemd hér inn, enda eru þessir menn, hvor í sínu lagi, síst ómerkilegri en Hreiðar þessi var. En svo ég snúi mér nú aftur að því, sem fyrir var fráhorfið, þá vil ég hér leyfa mér að koma fram með mína skoðun á því, hver stílsefni beri að velja. Þetta álit ég skyldu mína að gjöra, því það bæði er að ég hefi oft í löngum og harðorðum ritgerðum, veist að kennaranum, af þessum orsökum og einnig hitt að þegar kennarinn er farinn að taka tillit til ráða frænda „háyfirkennarans“, í þessum efnum, þá þykir mér eigi alveg ósennilegt að hann fýsi og að heyra ögn um tillögur jafn-viturna manna og vel metinn sem mín. Skoðun mín er sú, að við í stað þessara eilífu málshátta, hvað þá heldur um þessa síðustu vitfirring, þá eigi að láta oss fá til umsagnar mál úr daglegu lífi. Það er að segja, það á að láta oss ráða um þau mál sem efst er á baugi með þjóðinni á hverjum tíma. Með því verða slegnar tvær flugur í einu höggi. Því bæði er þá tryggt, að menn fengju þau efni sem viðráðanleg væru og menn hefðu áhuga á, (raunar ef til vill ekki kvenfólkið og „svoleiðis fólk“), og jafnframt væru menn með því neyddir til þess að fylgjast ögn með tímanum og þeim atburðum sem eru að gerast, en á því vill oft verða átakanlegur skortur. Gæti ég þar tilnefnt ótal dæmi, en þar sem „nomina sun odiosa“, að minnsta kosti þegar þarf að skamma menn og þeir sjálfir eða ættmenni þeirra eru viðstaddir svo sem kennarinn man vonandi eftir úr umræðum þeim er við áttum eigi alls fyrir löngu um andatrú, þá ætla ég að sleppa þeim dæmum að sinni. Þá er ég nú loks kominn að aðalefninu en um það er þetta í sem skemstu máli að segja: Mér virðist hann nauðaómerkilegur og leiðinlegur aflestrar í meira lagi, og aumur þætti sá rithöfundur, nú á dögum, er þvílíku klambraði saman. Mér virðist þátturinn bæði lélega og lygilega saminn, hvorki hafa skáldskaparlegt, sagnfræðilegt né sálfræðilegt gildi. Hann er jafnvel aumari en það aumasta úr þeirri latnesku „poresin“ er við höfum lesið í vetur. En þar er þó samt gott, svo sem hinn djúplærði lærdómsspekingur vinur minn, Magnús Finnbogason, dittiendus, sýndi fram á, í hinni afbragðsgóðu grein sinni, um vin sinn og félagi Horatius. Þótt viljugur sé og iðinn, þá er eigi meira en svo að ég nenni að fara að vita um einstök atriði þessa „heimskulega“ þáttar. Þó vil ég geta þess, að heldur finnst mér það ólíklegt, að íslenskir kotbændur hafi gert sér svo dælt við Noregskonunga sem þar er látið. Og eigi hafa störf þeirra og áhugamál verið ýkja mikil ef þeir hafa haft þvílíkan áhuga, sem látið er, á því, að menn eins og fífl þetta, er hér um ræðir, færi sér eigi að voða. Naumast þykir mér það heldur trúlegt, að Magnús konungur hafi lagt svo mikla ást á Hreiðar þennan, að hann hafi leyst hann út með stórgjöfum. Fyndinn er þátturinn ekki né skemtilegur, því að ekki stökk mér bros, meðan á lestri hans stóð, nema þegar mér kom til hugar að allir aðrir yrðu þá einnig að brjótast í gegnum vitleysuna, svo að eigi yrði ég einn um leiðindin, en ég er maður eigi meira, en í meðallagi góðgjarn. Yfirleitt virðist mér þáttur þessi svo lélegur, að efni og búningi, að væri ég eigi þegar orðinn all-þreyttur á skrifum í dag, þá mundi ég til uppbótar, bæta hér við, kennaranum til upplýftingar, örstuttum pistli um svívirðingu þá, er samherjar hans hafa sýnt að sér í

Þessu nýjasta verkfallsmáli, er þeir hafa komið á stað og þeim verður til ævarandi svívirðingar og skammar. En þar sem ég hygg að báðir séu búnir að fá nóg, ég og kennarinn, þá hætti ég að sinni.

Kl. 11:40 e.h. 21.mars 1926

Bjarni Benediktsson dimitendum.